

Viðauki I

Ný grein nr. 6.2 í Viðauka 5 við viðmiðunartilboð Mílu fyrir bitastraumsþjónustu

Talsímaþjónusta (VoIP) á Aðgang sleið 3

Talsímaþjónusta (VoIP) á Aðgang sleið 3 er í boði á öllum Ethernet hæfum DSLAM búnaði Mílu og er veitt yfir ADSL/ADSL2+, VDSL2 og GPON tengingar. Í boði er að setja upp að hámarki tvær VoIP rásir á hverja tengingu.

Talsímaþjónustan er sett upp og afhent þjónustukaupa á einu VLAN-i. Þjónustan er skilgreind í hæsta gæðaflokki (forgangur 5) og nýtur því forgangs umfram alla aðra þjónustu (Internet og sjónvarp). Þjónustukaupi getur nýtt sér núverandi samtengingar við IP/MPLS til flutnings á þjónustunni. Sjá nánari skilgreiningar á A3 samtengingum í viðauka 5 í viðmiðunartilboði Mílu fyrir Markað 5.

Leyfðar samskiptareglur fyrir talsímaþjónustu á A3 eru DHCP, SIP og UDP:

- DHCP (e. Dynamic Host Configuration Protocol)
- SIP (e. Session Initiation Protocol)
- UDP (e. User Datagram Protocol)

Notendabúnaður þarf að merkja alla ramma sem hann sendir frá sér í samræmi við töflu 1. Í niðurstraumsátt koma rammur merktir frá burðarneti.

Þjónusta	ATM rásir/VLAN	Forgangur
ADSL/ADSL2+	9/48	5
VDSL2	5	5
GPON	5	5

Tafla 1

Í mörgum tilvikum er innbyggð SIP virkni í notendabúnaði sem að hægt er að nota fyrir VoIP talsímaþjónustu. Þjónustukaupi getur því nýtt sér sérstök símatengiskil á endabúnaði hvort sem um er að ræða xDSL beini eða GPON ONT-u. Einnig er möguleiki á að tengja IP símtæki eða ATA box beint við Ethernet tengiskil á endabúnaði.

Í boði er að nota POTS tengiskil í ONT búnaði Mílu sem styður grunntalsímaþjónustu. Allar óskir um virkni umfram grunnþjónustu á móti sírstöðvagáttum þjónustukaupa verða teknar til skoðunar og kostnaður þeirra greindur. Ef Míla samþykkir að þróa þjónustuna getur það haft kostnað í för með sér sem þjónustukaupi þarf að greiða fyrir.

Nánari upplýsingar á uppsetningu á notendabúnaði má finna í viðauka 2 í viðmiðunartilboði Mílu fyrir markað 5.

Þjónustukaupi þarf að útvega endabúnaði viðskiptavina sinna IP-tölu og þarf því að koma sér upp DHCP þjóni í þeim tilgangi. Einnig þarf þjónustukaupi að nota sína eigin sírstöðvagátt til að veita þjónustuna og öll umsýsla sem tengist henni er á ábyrgð þjónustukaupa.